

Mál nr. 97/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (X)

### Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 5. maí 2022, ásamt matsgerð dags. 10. apríl 2007 og tjónskvittun.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að umferðaróhapp varð hinn 6. febrúar 2021 þar sem bifreiðinni X var ekið inn í hringtorg við Stekkjarbakka í Reykjavík og Smiðjuveg í Kópavogi og hlið bifreiðar M.

M kveðst hafa slasast í umferðaróhappinu og vísar til þess að báðar bifreiðar hafi skemmt í óhappinu og hún hafi verið greind með tognun og ofreynslu á mjöðm og liðbönd í hálsi við komu á bráðamóttöku Landspítalans hinn 14. febrúar 2021. Í beiðni um sjúkraþjálfun dags. 19. febrúar 2021 komi einnig fram að M hafi axlarverki beggja vegna og skerta hreyfigetu, auk verkja og leiðni í baki hægra megin og verki í þumli hægri handa. Þannig telur M að nægilega hafi verið skráð um afleiðingar líkamstjóns hennar til að V verði að fallast á bótaskyldu vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að orsakatengsl séu milli einkenna M og umferðaróhappsins. V vísar til eldri matsgerðar, dags. 10. apríl 2007 þar sem M hafi verið metin til varanlegs miska og varanlegrar örorku vegna einkenna frá hálsi, mjóbaki og hnjám og þess að áreksturinn 6. febrúar 2021 hafi verið vægur. Það megi álykta af því að viðgerðarkostnaður vegna tjóns á bifreið M hafi einungis verið 258.217 krónur og ekki hafi verið farið fram á tjónaskoðun á bifreiðinni X. V bendir á að ekki sé hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram, að meiri líkur en minni séu á því að einkenni M tengist árekstrinum 6. febrúar 2021.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almenn þer tjónþoli sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er upplýst að M lenti í umferðaróhappi sem leiddi til viðgerða á bifreið hennar, einnig liggja fyrir myndir sem sýna að ekki var sjáanlega mikið tjón á bifreið hennar. M leitaði ekki til læknis fyrir en 8 dögum eftir umferðaróhappið og lýsing einkenna þá og í beiðni um sjúkraþjálfun 5 dögum síðar er bæði mismunandi og nokkuð almenn. Ekki verður annað séð, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu, að ekki sé ljóst hvort einkenni M tengist fyrra heilsufari hennar eða umferðaróhappinu sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðaróhapps 6. febrúar 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir